8. janúar 2024

# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI MÝRDALSHREPPS 2021-2033

Gerð er óverulegbreyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem staðfest var þann 05.07.2023. Um er að ræða breytingar á texta í greinargerð, *kafla 5.3 AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)*. Tafla 9. Afþreyingar- og ferðamannasvæði, dálkur AF14 breytist þar sem leyfilegt er að byggja 50 $m^2$ byggingu. Taflan greindi frá áður að ekki væri gert ráð fyrir frekari byggingum.




*Mynd 1. Hluti af sveitarfélagsuppdrætti fyrir Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2021-2033. Ekki er gerð breyting á uppdrættinum.*

Um Afþreyingar- og ferðamannasvæði segir í aðalskipulaginu:

> *„ Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar. "*

Gerð er breyting leiðrétting á töflu 9, dálki AF14, sem snýr að svæði við Hjörleifshöfða. Byggingarmagn verður 50$m^2$.

*Tafla 9. Afþreyingar- og ferðamannasvæði.*

| Nr. | Heiti | Lýsing & Skilmálar | Stærð (ha) |
|---|---|---|---|
| Dreifbýli | | | |
| AF14 | Hjörleifshöfði | Áningarstaður við Hjörleifshöfða með bílastæðum, gönguleiðum, nestisaðstöðu og upplýsingaskiltum. Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum. | 1,8 |

*Fyrir breytingu*

*Tafla 9. Afþreyingar- og ferðamannasvæði.*

| Nr. | Heiti | Lýsing & Skilmálar | Stærð (ha) |
|---|---|---|---|
| Dreifbýli | | | |
| AF14 | Hjörleifshöfði | Áningarstaður við Hjörleifshöfða með bílastæðum, gönguleiðum, nestisaðstöðu og upplýsingaskiltum. Hámarks byggingarmagn 50 $m^2$. | 1,8 |

*Eftir breytingu*

8. janúar 2024

Breytingin er metin óveruleg þar sem aðeins er verð að bæta við 50 $m^2$ byggingarmagni sem er í samræmi við meginstefnu aðalskipulags enda er aðeins verið að leyfa lítið salerni innan núverandi afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðis þar sem er skilgreindur áningarstaður við Hjörleifshöfða með bílastæðum, gönguleiðum, nestisaðstöðu og upplýsingaskiltum. Ekki er gert ráð fyrir stækkun á reit AF14, afmörkun hans sú sama og var. Ekki séð að breytingin skerði verðmæti eða hagnýtingu fasteignar enda aðeins lítið salerni sem er langt frá annarri landnotkun.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 18.1.2024

MÝRDALSHREPPUR SVEITARSTJÓRI

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 05.06 2024.

SKIPULAGSSTOFNUN